



## Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir

Í 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 segir: Auk almennrar móttökuáætlunar samkv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulagi kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrá, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur með sérþarfir við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðila utan skólans.

Móttökuáætlun Barnaskóla Hjallastefnunar í Reykjavík.

Sérkennsluþörf barna er metin með skimunum á námslegri stöðu, annaprófum, sérhæfðum prófum, prófunum sérfræðinga, mati umsjónarkennara og sérkennara. Einnig er þörfin metin út frá gögnum sem berast frá leikskólum og/eða þeim skóla þaðan sem barn kemur. Samvinna er milli leikskóla Öskju og Barnaskólans. Sú samvinna byggist á reglulegum heimsóknum verðandi grunnskólabarna úr leikskólunum og funda milli kennara 6 ára barna og leikskólakennara. Að vori hittast sérkennslufulltrúi leikskóla, verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórnandi. Á þessum fundi er farið yfir málefni einstakra barna sem eru að hefja nám að hausti. Á fundinum fær skólinn afhent gögn ef einhver eru með vitund foreldra. Trúnaðarupplýsingar sem skólanum berast er varða einstaka barn er geymt samkvæmt reglum um varðveislu slíkra gagna.

Verkefnastjóri skipuleggur sérkennslu í samráði við sérkennara og bekkjarkennara. Sérkennsla

getur verið í stuttan tíma eða út alla skólagöngu barnsins. Stefna skólans er að einstaklingsmiða námið. Sérkennslan fer fram innan bekkjar eða í sérkennslustofu eftir því hvað hentar hverju barni, ýmist í hópum eða einstaklingslega. Sérkennari ber megin ábyrgð á kennslunni og vinnur náið með umsjónarkennara og foreldrum. Sérkennari skipuleggur og sér um kennsluna. Stuðningsfulltrúi eða þroskajálfi fylgir oft nemendum með sérþarfir í kennslustundum og vinna þeir undir leiðsögn verkefnastjóra sérkennslu, umsjónarkennara eða stjórnenda eftir því sem við á. Stuðningsfulltrúi eða þroskajálfi fylgja nemendum með sérþarfir í sérgreinar eftir þörfum. Verkefnastjóri sérkennslu gerir einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn. Einstaklingsnámskráin er unnin í samráði við kjarnakennara og foreldra. Í námskránni koma fram markmið og leiðir í kennslu barnsins sem miðast við að efla færni hans og viðhalda þeirri færni sem þá þegar hefur náðst. Einnig skal koma fram hvernig námsmati er háttað, samvinna við foreldra og hvaða námsefni liggur til grundvallar. Námskráin telst ekki gild nema undirskrift foreldra liggi fyrir. Einstaklingsnámskrár eru geymdar samkvæmt reglum um trúnaðarupplýsingar. Börn með frávik styðjast oft við einhverskonar hjálpartæki sem getur verið tölva, forrið eða annar slíkur búnaður. Misjafnt er hvaða hjálpartæki börn þurfa og er það metið í samráði við foreldra fyrir hvert og eitt barn. Verkefnastjóri sérkennslu er ráðgefandi til foreldra varðandi t.d. forrit, hljóðbækur og hvað eina sem gæti nýst barni í leik og starfi. Reglulegir teymisfundir eru haldnir þar sem bekkjarkennari, verkefnastjóri sérkennslu og/eða skólastjóri, sálfræðingur, foreldrar og aðrir sérfræðingar, þegar við á, hittast og fara yfir stöðu mála. Fundargerð er ávallt gerð og er geymd með gögnum barns. Reglulega eru fundir um málefni einstakra nemenda (nemendaverdarráðsfundir). Fundina sitja skólastjórar, verkefnastjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur. Á þeim fundum er farið yfir mál einstakra nemenda, þeim vísað til frekari úrvinnslu og úrræða leitað. Aðrir sérfræðingar og umsjónarkennarar eru kallaðir inn eftir þörfum. Í 1.-4. bekk eru lagðar fyrir skimanir (sjá lestrarstefnu). Skimað er fyrir hugsanlegum mál og/eða lestrarerfiðleikum. Ef ástæða þykir er barni vísað í frekari greiningu eftir að niðurstöður skimana liggur fyrir. Sérfræðingar leggja slík próf fyrir og má þar nefna sálfræðing og talmeinafræðing. Ef vísa þarf í slíkar greiningar er það ávallt gert í fullu samráði við foreldra. Foreldrar fá afhent eyðublöð og skila þeim inn til verkefnastjóra sérkennslu sem heldur utan um pappírana og kynnir mál á

nemendaverndarráðsfundum. Niðurstöður greininga eru svo kynntar á fundi með verkefnastjóra sérkennslu, kjarnakennara og foreldrum. Verkefnastjóri sérkennslu sér um utanum hald og eftirfylgni. Barnaskóli Hjallastefnunar í Reykjavík vinnur samkvæmt kynjanámskrá þar sem lotur og meginreglur eru í aðalhlutverki.

Loturnar eru 6 og skiptast þær í :

- Agi • Sjálfstæði • Samskipti • Jákvæðni • Vinátta • Áræðni

Í lotuvinnunni er mikið um félagsleg samskipti og kennarar eru mjög vakandi fyrir óæskilegum samskiptum og grípa strax inn í og fá aðstoð verkefnastjóra sérkennslu ef þurfa þykir. Frekari upplýsingar um kynjanámskrá, lotur og meginreglur má finna í skólanámskrá Barnaskólans.